

Eiríkur Rögnvaldsson:

Vandi íslenskrar tungu og viðbrögð við honum

Ég held að málbreytingar "innan frá", þ.e. breytingar sem eiga sér rætur í málkerfinu sjálfu, séu ekki mikið áhyggjuefni. Ég hef oft áður sett fram þá skoðun að tiltölulega einangraðar breytingar, eins og svokölluð "þágufallssýki", -u -eignarfall orða eins og **drottning**, breyting á merkingu einstakra orða eins og **dingla** o.s.frv. vinni málinu ekki mikið tjón. Þetta eru auðvitað nýjungar, og ef menn vilja berjast gegn öllum breytingum á málinu er eðlilegt að þeir beiti sér gegn þessu. Ég hef ekki heldur miklar áhyggjur af beinum erlendum áhrifum, þ.e. tökuorðum, slettum og þvíumlíku. Óbeinu áhrifin eru miklu alvarlegri, vegna þess að þau læðast inn án þess að menn taki eftir þeim og breyta setningaskipun, hnika til merkingu orða o.s.frv.

Ég held samt að helsti óvinur íslenskrar tungu sé hraði og skeytingarleysi nútímaþjóðfélags; sú hugsun sem virðist vera ríkjandi meðal Íslendinga að meginatriðið sé að göslast áfram einhvern veginn, og ekkert sé verulega nauðið. Þetta viðhorf er alls ekki bundið við málið og beitingu þess, heldur kemur fram í ýmsum þáttum starfa fólks og framkomu. En þegar maður hlustar á talað orð eða les texta hugsar maður alltof oft að þetta hefði nú orðið miklu áheyrilegra eða læsilegra ef maðurinn hefði bara vandað sig aðeins meira, hlotið aðeins meiri þjálfun í beitingu málsins.

Ég kann auðvitað engar töfralausnir til að hlúa að málinu. Ég held þó að meginmáli skipti að huga að máluppeldi barna og unglinga. Auðvitað er margvísleg starfsemi sem snýr að öllum málnotendum líka nauðsynleg, s.s. nýyrðasmíð og ýmiss konar leiðbeiningar og fræðsla. En ef máluppeldi yngstu kynslóðarinnar er ekki sinnt sem skyldi er hætt við að allt annað komi fyrir ekki. Ég tel því nauðsynlegt að stefna að:

1. Lengri og samfelldum skóladegi.
2. Aukinni menntun kennara, sem haldist í hendur við bætt kjör þeirra og aukna virðingu kennarastarfsins.
3. Dagvistarrými fyrir öll börn. Rannsóknir benda til að börn á dagvistarstofnunum séu tiltölulega vel stödd hvað varðar málþroska.
4. Talsetningu alls barnaefnis í sjónvarpi þegar í stað, og hugað verði að talsetningu annars efnis á næstu árum.
5. Styttingu vinnutíma, svo að foreldrum gefist kostur á að vera meira með börnum sínum.

Auðvitað þarf ekki að gera sér vonir um að þessi markmið náist á næstu árum; sum þeirra virðast raunar fjarlægjast með hverju árinu sem líður. Það þarf samt að vinna að því að gera fólki ljóst að hér er ekki um að ræða sérkröfur og heimtufrekju einhverra þrýstihópa; það er miklu meira í húfi. Ef spurt er: "Höfum við efni á að tala íslensku?" held ég að engum detti í hug að svara neitandi. En ég er hræddur um að ef okkur miðar ekkert áleiðis varðandi þessa hluti á næstu árum, þá séum við í raun og veru að svara spurningunni neitandi með verkum okkar.